

27. Stjórnarfundur Bergrisans

3. mars 2021

Fjarfundur hófst klukkan 13:00 á Microsoft Teams

Mætt: Gísli H. Halldórsson formaður, Aldís Hafsteinsdóttir stjórnarmaður, Sandra Brá Jóhannsdóttir stjórnarmaður, Íris Ellertsdóttir verkefnastjóri Bergrisans og Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri Árborgar. Einnig mættu fyrir þjónustusvæðin Ragnheiður Hergeirsdóttir Heiða Ösp Kristjánsdóttir frá velferðarsviði Árborgar og Svava Davíðsdóttir frá félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Anton Kári Halldórsson skipulagsfulltrúi Árborgar, Sigríður Vilhjálmsdóttur lögmaður Árborgar, Ellý A. Þorsteinsdóttir ráðgjafi, Arna Ír Gunnarsdóttir, Gunnsteinn Sigurðsson og Sigríður Elín Leifsdóttir fulltrúar úr fagteymi voru gestir fundarins. Sandra Brá Jóhannsdóttir ritaði fundargerð

Dagskrá

1. Íbúðakjarni við Nauthaga á Selfossi

Anton Kári Halldórsson fer yfir stöðu deiliskipulags vegna íbúðakjarnans. Deiliskipulagsbreytingin er óveruleg og fer í kynningu ásamt lýsingunni og hefur verið samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd Árborgar en bíður samþykktar bæjarstjórnar Árborgar ásamt óverulegri aðalskipulagsbreytingu. Stefnt að því að deiliskipulagið verði tilbúið síðla sumars. Verkefnisstjóri vinnur að því að undirbúa næstu skref fyrir hönnun hússins.

Sigríður Vilhjálmsdóttir lögmaður fer yfir álitafni varðandi uppbyggingu og rekstur íbúðakjarnans við Nauthaga með tilliti til innkaupreglna. Stjórn felur verkefnisstjóra að kanna hvers konar þjónustusamningur væri ákjósanlegur fyrir Bergrisann.

2. Fundargerðir þjónusturáðs

Ragnheiður Hergeirsdóttir, formaður þjónusturáðs, kynnir fundargerðir 137. og 138. funda þjónusturáðs.

3. Endurgreiðslukrafa Bergrisans til Árborgar

Verkefnisstjóri fer yfir tillögu að endurgreiðslukröfu Bergrisans til Árborgar vegna framselds rýmis sem fellur undir samning Bergrisans og Breiðabólstaðar ses. Stjórn samþykkir tillögu verkefnisstjóra að endurgreiðslukröfunni að upphæð 46 millj.kr og felur henni að senda hana áfram til fjölskyldusviðs Árborgar.

4. Gæðamál – skyldur sveitarfélaga

Ellý A. Þorsteinsdóttir ráðgjafi EAP ráðgjafar ehf kynnir verkefni sem hún vinnur að í samvinnu við nokkur sveitarfélög varðandi gæðaeftirlit þjónustu fyrir fatlað fólk í samræmi við skyldur sveitarfélaga skv. 5. gr laga nr. 38/2018 og gerð kröfulýsinga. Stjórn Bergrisans felur verkefnisstjóra að kanna með framlög úr jöfnunarsjóði til að fjármagna gerð gæðastaðla og eftirlits fyrir þjónustusvæði Bergrisans.

Fundi slitið kl. 15:20